



BlackBerry Notandasamningur um Internetþjónustu

Notandasamningur fyrir Internet-þjónustu BlackBerry er settur fram hér fyrir neðan.

Ef þú getur ekki lesið samninginn í heild sinni á þráðlausu BlackBerry tækinu þínu getur þú nálgast hann á www.blackberry.com/go/legaleula

Gættu þess að lesa allan samninginn vandlega áður en þú samþykkir hann með því að smella á „Já“ hér fyrir neðan.

MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á "ÉG SAMÞYKKI" HÉR Á EFTIR, SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ GANGAST UNDIR SKULDBINDINGAR HUGBÚNAÐARLEYFISSAMNINGS NOTANDA UM *BLACKBERRY INTERNETÞJÓNUSTU* OG STAÐFESTIR AÐ ÞÚ HAFIR LESIÐ, SKILIÐ OG SAMÞYKKT AÐ HLÍTA OG FARA EFTIR ÖLLUM ÁKVÆÐUM, SKILYRÐUM OG TILKYNNINGUM SEM ERU Í EÐA VÍSAÐ ER Í Í ÞESSUM SAMNINGUM, OG AÐ ÞÚ HAFIR HEIMILD TIL ÞESS. EF ÞÚ SAMÞYKKIR EKKI AÐ VERA LAGALEGA SKULDBUNDINN AF SKILMÁLUM OG SKILYRÐUM ÞESSARA SAMNINGA SKALTU SMELLA Á "ÉG ER ÓSAMMÁLA" HÉR Á EFTIR.

EF ÞÚ ERT NEYTANDI GÆTU TILTEKIN ÁKVÆÐI Í ÞESSUM SAMNINGI VERIÐ ÞÉR ÓVIÐKOMANDI. ÞESSI SAMNINGUR HEFUR EKKI ÁHRIF Á LAGALEGAN ÓUNDANÞÆGAN RÉTT ÞINN SEM EKKI MÁ BREYTA Í SAMNINGI, AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM SLÍK BREYTING ER SÉRSTAKLEGA BÖNNUÐ Í LÖGUM SEM VIÐ EIGA.

1. Upplýsingar um RIM og *Internetþjónustu BlackBerry* eða sérhverja tengda vöru eða þjónustu ("BIS")

Nafn og heimilisfang þjónustuveitanda:

Research In Motion Limited ("RIM")
295 Phillip Street, Waterloo, Ontario, Kanada N2L 3W8

Hafið samband um:

legalinfo@rim.com

Þjónustulýsing: BIS og BlackBerry Póstur gerir þér kleift að:

Búa til Internet netfangsáskrift sem nota má sem sérstakt netfang með ákveðinni þráðlausri handtækisvirkni BlackBerry,

BIS gerir þér einnig kleift að:

Fá aðgang að ákveðinni þráðlausri BlackBerry handtækisvirkni fyrir ákveðna Internetþjónustuaðila sem fyrir eru eða aðra netfangaáskrift sem heimilar samsöfnun tölvupósts þriðja aðila,

Fá aðgang að Internet vefsetrum í gegnum BlackBerry Internetvafurþjónustu í ákveðnum þráðlausum BlackBerry Handtækjum

Ef þú er áskrifandi að BlackBerry Pósti RIM, þá eiga eftirfarandi aukaákvæði þessa Hluta 1 við:

- Allar tilvísanir í þessu samkomulagi (nema í hlutanum með **Þjónustulýsingunni** að ovan) að "BIS" eða "BlackBerry Internetþjónustu" skal lesa sem vísanir til BlackBerry Pósts.
- BlackBerry Póstur veitir ekki aðgang að þjónustu Þriðja Aðila og nettengingþjónustu RIM (ICS) og því eiga hlutar þessa samkolulags sem vísa til þjónustu Þriðja Aðila og ICS ekki við um Þig, ef þú er áskrifandi að BlackBerry Pósti.

Verð á BIS með öllum afhendingarkostnaði og sköttum:

Engin greiðsla fer beint til RIM, allar greiðslur fyrir BIS renna til þess aðila sem veitir þér þráðlausu þjónustu.

BIS EUA Global (Icelandic) 012207 (Global Version 082505)

Ábyrgð eða tryggingar eftir sölu:

BIS er afhent "Í ÞVÍ ÁSTANDI SEM HÚN ER" og án nokkurs konar ábyrgðar

Heimild til að segja upp:

Þér er frjálst að hætta að taka við BIS hvenær sem er.

Lengd Samningsins þar sem samningar eru um þjónustu:

Þessi samningur er ekki með neinn tilgreindan gildistíma. RIM veitir eigi skemur en 30 daga frest áður en hætt er að veita BIS, nema við ákveðnar aðstæður sem tilgreindar eru í þessum Samningi þegar RIM má hætta innan 30 daga frests.

Ábyrgð eða þjónusta eftir sölu:

RIM veitir enga beina þjónustu eða stuðning eftir sölu. Hafðu samband við aðilann sem veitir Þér þráðlausa þjónustu vegna þjónustu og stuðnings eftir sölu.

2. Samþykki Skilmála

Þessi BlackBerry notandasamningur um Internetþjónustu (Samningurinn) er lagalegur samningur á milli Þín og RIM (saman "Aðilarnir" og hvor fyrir sig "Aðili"). MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á "ÉG SAMÞYKKI" HÉR Á EFTIR SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ GANGAST UNDIR SKULDBINDINGAR HUGBÚNAÐARLEYFISSAMNINGS NOTANDA UM *BLACKBERRY INTERNETÞJÓNUSTU* OG STAÐFESTIR AÐ ÞÚ HAFIR LESIÐ, SKILIÐ OG SAMÞYKKT AÐ HLÍTA OG FARA EFTIR ÖLLUM ÁKVÆÐUM, SKILYRÐUM OG TILKYNNINGUM SEM ERU Í EÐA VISAÐ ER TIL Í ÞESSUM SAMNINGUM, OG AÐ ÞÚ HAFIR HEIMILD TIL ÞESS. EF ÞÚ SAMÞYKKIR EKKI AÐ VERA LAGALEGA SKULDBUNDINN AF SKILMÁLUM OG SKILYRÐUM ÞESSA SAMNINGS SKALTU SMELLA Á "ÉG ER ÓSAMMÁLA" HÉR Á EFTIR. Samþykkir þú ekki skilmála þessa Samnings (þar með talin þau skjölin sem vísað er í hér), verður enginn samningur til á milli Þín og RIM og RIM skal enga skyldu bera til að veita þér BIS eða neina tengda vöru eða þjónustu. Hafir þú einhverjar spurningar eða áhyggjur varðandi skilmála þessa Samnings skaltu hafa samband við RIM á vefsetrinu www.blackberry.com. RIM áskilur sér réttinn til að breyta þessum Samningi eftir að hafa veitt þér hæfilegan frest, þar með talið að leggja fram nýja útgáfu á vefsíðunum sem tengjast BIS, og RIM mælir með að þú lesir reglulega yfir skilmálana sem skoða má á vefsetrinu. Þú samþykkir enn frekar að áframhaldandi notkun Þín á BIS jafngildi samþykki Þínu á skilmálum þessa samnings eins og hann er breyttur.

Þú samþykkir að notaður sé rafrænn samningur um notkun Þína á BIS. Þú samþykkir sérstaklega að taka við öllum tilkynningum samkvæmt þessum Samningi með rafrænum hætti, með því skilyrði þó að það samþykki megi draga til baka hvenær sem er með því að hafa samband við RIM á ofangreindu heimilisfangi (þó getur svo verið, við sumar aðstæður, að RIM hafi enga aðra leið til að koma tilkynningum til þín, og því getur farið svo að áskrift þinni verði slitið vegna beiðni frá Þér um að fá ekki tilkynningar með rafrænu sniði).

Aðilarnir samþykkja sérstaklega að öll framkvæmd samkvæmt þessum Samningi og lausn deilna skuli fara fram á ensku. Ef krafist er með lögum að þessi Samningur skuli þýðast á annað tungumál skal enska útgáfan ganga framur ef einhverjir árekstrar eða misræmi eru á milli ensku útgáfunnar og sérhvarrar þýðingar hennar. Ef þú færð þennan Samning á öðru tungumáli en ensku, gerir RIM það einungis þér til þæginda. Ef þú er staðsettur í Kanada er það sérstök ósk aðilanna að þessi Samningur og/eða sérhver tengd skjöl séu gerð á öðru tungumáli en frönsku. Si vous êtes situé au Canada, il est de la volonté expresse des parties que le présent contrat et/ou tous les documents qui s'y rattachent soient rédigés dans une langue autre que le français.

3. Samþykki fyrir Söfnun Upplýsinga og Trúnaður

MEÐ ÞVÍ AÐ LÁTA RIM Í TÉ PERSÓNULEGAR UPPLÝSINGAR SAMKVÆMT ÞESSUM SAMNINGI, AÐ MEÐTÖLDU, ÁN TAKMARKANA, NAFN ÞITT, HEIMILISFANG OG SÍMANÚMER, SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ RIM OG FYRIRTÆKI TENGD ÞVÍ Í KANADA OG/EÐA BANDARÍKJUNUM SAFNI, VINNI, SENDI, NOTI OG BIRTI SLÍKAR UPPLÝSINGAR Í HVERJUM ÞEIM TILGANGI SEM TILGREINDUR ER Í STEFNU RIM UM PERSÓNUVERND. EF ÞESSI LINKUR VIRKAR EKKI ER ÞÉR BENT Á AÐ STEFNAN UM PERSÓNUVERND ER EINNIG FÁANLEG Á VEFSETRI BIS. ÞAR AÐ AUKI, EF ÞÚ NOTAR BIS TIL AÐ FÁ AÐGANG AÐ OG SENDA TÖLVUPÓST FRÁ ÖÐRUM ÞJÓNUSTUAÐILUM EINS OG AMERICA ONLINE EÐA YAHOO!, ("ÞJÓNUSTA ÞRÍÐJA AÐILA"), HEIMILAR ÞÚ RIM AÐ NOTA OG VISTA PERSÓNULEGAR UPPLÝSINGAR ÞÍNAR VARÐANDI ÞJÓNUSTU ÞRÍÐJA AÐILANS EINS LENGI OG RIM TELUR NAUÐSYNLEGT (EN EKKI LENGUR EN HEIMILT ER SAMKVÆMT GILDANDI LÖGUM), ÞAR MEÐ TALIÐ NOTANDANAFN, AÐGANGSORÐ OG TÖLVUPÓST, Í ÞEIM TAKMARKAÐA TILGANGI AÐ VEITA TÖLVUPÓSTI FRÁ ÞJÓNUSTUAÐILA ÞRÍÐJA AÐILA TIL ÞÍN Í BIS ÞJÓNUSTUNNI. Upplýsingar sem RIM heldur eftir um þig getur þú skoðað, leiðrétt eða breytt með því að hafa samband við RIM á staðnum sem tilgreindur hér (þó getur, við sumar aðstæður, verið tæknilega ógerlegt að eyða sumum upplýsingum og áskrift þinni gæti því verið slitið vegna beiðni Þínar um að eyða slíkum upplýsingum).

4. Gildistími og Aðrir Samningar

BIS EUA Global (Icelandic) 012207 (Global Version 082505)

Þessi Samningur skal taka gildi við afhendingu BIS til Þín og skal enda þegar: (a) samningur(-ar) Þinn (Þínir) við RIM eða þriðja(-u) þjónustuaðila, sem veita Þér þjónustu sem styður BIS, rennur út eða endar, eins og við á, þegar (b) BlackBerry Notanda-/Hugbúnaðarleyfissamningur þinn við RIM rennur út eða endar, eða (c) þegar þessi Samningur endar samkvæmt ákvæðum hans, hvort sem gerist fyrr.

RIM áskilur sér réttinn til að hætta við eða breyta BIS hvenær sem er eftir að hafa veitt Þér hæfilegan frest. Þar sem Þú færð BIS án beinnar greiðslu til RIM, samþykkir þú sérstaklega að sanngjarnt sé að RIM geti hætt eða breytt BIS hvenær sem er. ÞAÐ ER SKILYRÐI FYRIR NOTKUN ÞINNI Á BIS AÐ ÞÚ SÉRT Í SKILUM VEGNA NÚVERANDI GILDANDI BLACKBERRY NOTANDA-/HUGBÚNAÐARLEYFISSAMNINGS VIÐ RIM, OG VERÐUR LÍKA AÐ VERA Í SKILUM VEGNA NÚVERANDI, GILDS SAMNINGS VIÐ RIM EÐA ANNAN ÞJÓNUSTUAÐILA UM ÞJÓNUSTU SEM BIS STYÐUR, EINS OG VIÐ Á. EF ÞÚ ERT EKKI Í SKILUM VEGNA BÆÐI NÚVERANDI, GILDS BLACKBERRY NOTANDA-/HUGBÚNAÐARLEYFISSAMNINGS VIÐ RIM, OG NÚVERANDI, GILDS SAMNINGS VIÐ RIM EÐA ANNAN ÞJÓNUSTUAÐILA UM ÞJÓNUSTU SEM BIS ÞJÓNUSTAR, EINS OG VIÐ Á, GETUR AÐGENGI AÐ BIS HÆTT HVENÆR SEM ER, ÁN FYRIRVARA.

Nema annað sé sérstaklega bannað með lögum sem um það gilda í þínu lögsagnarumdæmi, samþykkir þú að gangast undir sérhverja viðbótarskilmála og skilyrði sem kunna að eiga við um Þig vegna þess að þú ferð inn á, flettir og/eða notar þetta BIS setur, hvort sem þau eru á þessu BIS setri eða í sérstökum samningi við RIM. Ef þessi Samningur og slíkir viðbótarskilmálar og skilyrði stangast á, skal þessi Samningur ráða að svo miklu leyti sem misræmi er til staðar. Það að auki samþykkir þú að fara eftir skilmálunum og skilyrðunum í BlackBerry Notanda-/Hugbúnaðarleyfissamningnum á milli Þín og RIM varðandi notkun Þína á RIM hugbúnaðinum í þráðlausa handtækinu Þínu og sérhvern annan RIM hugbúnað sem þér er veittur, sem og skilmálum og skilyrðum sérhvers annars samnings á milli Þín og RIM, og á milli Þín og þess aðila sem veitir Þér þráðlausa þjónustu, og ekkert í þessu skjali skal leysa Þig undan neinni skuldbindingu sem er í slíkum samningum. ÞÉR ER KUNNUGT UM OG SAMÞYKKIR AÐ RIM LEGGUR AÐEINS TIL BIS OG RÆÐUR EKKI YFIR INTERNETÞJÓNUSTUNNI OG ÞRÁÐLAUSRI ÞJÓNUSTU AÐILANS SEM VEITIR ÞRÁÐLAUSA ÞJÓNUSTU, OG ER SLÍKT EINGÖNGU Á ÁBYRGÐ SLÍKS AÐILA.

5. Þjónusta Þriðju Aðila, Upplýsingar og Linkar

BIS getur náð í Þjónustu Þriðju Aðila, og BlackBerry Internetþjónustusetrið kann einnig að vera með linka á Vefsetur þriðja aðila ("Tengt setur") og kann að fella inn upplýsingar fengnar frá þriðju aðilum ("Upplýsingar frá Þriðja Aðila"). Þar að auki kann BIS einnig að innihalda Internet tengiþjónustu RIM ("ICS") sem leyfir þér að fletta efni á vefnum í þráðlausa handtækinu Þínu, og getur veitt aðgang að Þjónustu Þriðja Aðila, Tengdra Setra, Upplýsingum Þriðja Aðila og öðrum ótengdum Vefsetrum ("Öðrum Setrum"). Ekkert í þessu skjali heimilur notkun á eða aðgang að Þjónustu Þriðja Aðila, Tengdra Setra, Upplýsingum Þriðja Aðila eða öðrum Setrum og RIM ábyrgist ekki með neinum hætti að BIS muni heimila aðgang að slíkri Þjónustu Þriðja Aðila, Tengdra Setra, Upplýsingum Þriðja Aðila og Annarra Setra. RIM RÆÐUR EKKI YFIR ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA, TENGDUM SETRUM, ÖÐRUM SETRUM OG UPPLÝSINGUM ÞRIÐJA AÐILA OG RIM BER EKKI ÁBYRGÐ Á innihaldi, notkun eða virkni Þjónustu Þriðja Aðila, Tengdra Setra, Annarra Setra eða Upplýsinga Þriðja Aðila, þar með talið, án takmörkunar, meðferð staðreynda, fylgni við höfundarétt, lögætti, velsæmi, linkum eða á neinum þætti í Þjónustu Þriðja Aðilans, Tengds Seturs, Annars Seturs eða Upplýsingum Þriðja Aðila. RIM ber hvorki ábyrgð á neins konar sendingu sem kemur frá eða í gegnum Þjónustu Þriðja Aðila, Tengt Setur eða Annað Setur né ber RIM ábyrgð ef Þjónusta Þriðja Aðila, Tengt Setur eða Annað Setur virkar ekki almennilega eða eins og Þú býst við. RIM leggur Þér til slíka tengla og upplýsingar þér til þæginda eingöngu og þó einhver tengill eða Upplýsingar Þriðja Aðila fylgi með gefur það ekki til kynna að RIM styðji setrið eða eigi nein tengsl við rekstraraðila þess. Þú berð ábyrgð á að skoða og hlíta trúnaðaryfirlýsingum og notkunarskilmálum sem lagðir eru fram á Tengdum Setrum og Öðrum Setrum, og að fara eftir sérhverjum samningi við þriðju aðila sem Þú kannt að hafa í tengslum við Þjónustu Þriðja Aðila.

Öll Þjónusta Þriðja Aðila sem boðin er til notkunar með BIS er veitt Þér í gegnum annan þjónustuveitanda(-ur) Þinn (Þína) og skal háð samningi Þínum við slíkan annan þjónustuveitanda(-ur). NEMA ÞAÐ SÉ SÉRSTAKLEGA BANNAÐ MEÐ VIÐKOMANDI LÖGUM Í ÞÍNU LÖGSAGNARUMDÆMI SKAL RIM EKKI BERA NEINA BÓTAÁBYRGÐ HVAÐA NAFNI SEM HÚN NEFNIST GAGNVART ÞÉR EÐA NEINUM ÞRIÐJA AÐILA SEM GERIR KRÖFU FYRIR ÞÍNA HÖND EÐA Í GEGNUM ÞIG OG, VEGNA NEINS EFNIS SEM TENGIST ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILANS, TENGDUM SETRUM, ÖÐRUM SETRUM EÐA UPPLÝSINGUM ÞRIÐJA AÐILA, AÐ MEÐTÖLDU, EN ÁN TAKMARKANA, AÐ SLÍK ÞJÓNUSTA ÞRIÐJA AÐILA SÉ RÉTT, TÍMANLEG OG SAMFELLD, NÉ AÐ SAMVERKUNARHÆFNI ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILANS VIÐ BIS SÉ SAMFELLD.

Öll viðskiptatengsl við þriðju aðila sem fara í gegnum BIS, Þjónustu Þriðja Aðila, Tengd Setur eða Önnur Setur, þar með talin afhending og greiðsla fyrir vörur og þjónustu, og sérhverjir aðrir skilmálar, skilyrði, ábyrgðir eða fullyrðingar sem tengjast slíkum viðskiptatengslum, eru eingöngu á milli Þín og þriðja aðilans. RIM skal ekki bera ábyrgð eða vera skuldbundið af neinum hluta slíkra viðskiptatengsla.

6. Notkunarskyldur Þínar

MEÐ TILLITI TIL NOTKUNAR ÞINNAR Á BIS, SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ: (A) VEITA SANNAR, RÉTTAR, GILDANDI OG TÆMANDI UPPLÝSINGAR UM ÞIG ÞAR SEM RIM KREFST ÞESS, AÐ MEÐTÖLDU ÁN, TAKMÖRKUNAR, UPPLÝSINGAR UM ÁSKRIFT ÞÍNA OG REIKNINGSFÆRSLU (SLÍKAR UPPLÝSINGAR ERU "PERSÓNULEGU GÖGNIN") OG (B) VIÐHALDA OG UPPFÆRA FLJÓTT PERSÓNULEGU GÖGNIN TIL AÐ ÞAU SÉU SÖNN, RÉTT, GILDANDI OG TÆMANDI. EF ÞÚ VEITIR EINHVERJAR UPPLÝSINGAR SEM ERU ÓSANNAR, RANGAR, EKKI GILDANDI EÐA EKKI TÆMANDI, EÐA EF RIM HEFUR RÉTTMÆTA ÁSTÆÐU TIL AÐ GRUNA

BIS EUA Global (Icelandic) 012207 (Global Version 082505)

AÐ SLÍKAR UPPLÝSINGAR SÉU ÓSANNAR, RANGAR, EKKI GILDANDI EÐA ÓFULLKOMNAR, HEFUR RIM RÉTT TIL AÐ STÖÐVA EÐA ENDA BIS OG HAFNA SÉRHVERRI OG ALLRI NOTKUN NÚ EÐA SÍÐAR Á ÞJÓNUSTU RIM (EÐA NOKKRUM HLUTA HENNAR). ÞÉR ER KUNNUGT UM AÐ RIM GETUR AÐEINS VEITT ÞÉR BIS EF ÞÚ LEGGUR RIM TIL PERSÓNULEGU GÖGNIN, OG EF ÞÚ LEGGUR EKKI TIL SÖNN, RÉTT, GILDANDI OG TÆMANDI PERSÓNULEG GÖGN GETUR ÞAÐ ORSAKAÐ TAFIR EÐA AÐ BIS VIRKI EKKI OG RIM BER EKKI ÁBYRGÐ Á ÞVÍ.

Þú berð ábyrgð á öllum athöfnum þínum sem þú framkvæmir með því að nota BIS, að meðtöldu, án takmarkana, notkun tölvupósts. Allar slíkar athafnir eru á þína áhættu. Þú skalt ekki nota, né leyfa öðrum að nota BIS eða neina RIM þjónustu sem Þér er veitt með einhverjum hætti eða í einhverjum tilgangi sem gengur gegn þessum Samningi. Komi til þess að Þú farir inn á önnur netkerfi eða tölvuvinnslu, samþykkir þú að hlíta viðeigandi notkunarreglum. Þú ert ábyrgur fyrir öllum athöfnum sem eiga sér stað með þínu aðgangsorði eða þinni áskrift, og munt halda aðgangsorði(-orðum) þínum leyndum. Þú munt láta RIM vita strax um sérhverja óheimila notkun aðgangsorðs þíns eða áskriftar eða annað brot á öryggi. Þú munt ekki trufla virkni setursins, leita eftir aðgangsorði annars notanda, né gera á annan hátt neitt sem truflar notkun annarra notanda á setrinu. Þú skalt ekki á neinn hátt dreifa tölvuforriti sem skemmir, truflar með skaðlegum hætti, grípur leynilega inn í, eða yfirtekur einhver kerfi, gögn eða persónulegar upplýsingar.

BIS er ekki ætlað til notkunar fyrir börn. Þú staðfestir sérstaklega að Þú ert að minnsta kosti 18 ára gamall eða hefur náð lögræðisaldri í þínu lögsagnarumdæmi, hvor aldurinn sem er hærrí. Komi til þess að Þú, sem löglegur forráðamaður, vilt leyfa barni þínu að nota BIS, þá staðfestir þú að barnið þitt muni hafa leyfi til að fá aðgang að BIS, að meðtöldu, án takmarkana möguleika á tölvupósti og vefrápi í gegnum ICS, ef það á við, en að þú munir að öðru leyti bera ábyrgð áfram á notkun barns þíns á og aðgang að BIS. Þér er enn fremur kunnugt að, sem löglegur forráðamaður, berð þú ábyrgð á því að ákveða hvort notkun á BIS og/eða efni sendu í gegnum BIS sé viðeigandi fyrir barnið þitt.

Þú ert einn ábyrgur fyrir vali, beitingu og virkni alls búnaðar frá þriðja aðila, hugbúnaðar og fjarskiptabúnaðar og þjónustu (að meðtöldum, en án takmarkana, Internet-tengingu tölvupósts og þráðlausri þjónustu sem notuð er með BlackBerry Lausninni). Þú ert ábyrgur fyrir því að tryggja að tölvupóstkerfi og tölva sem þú velur til að nota BIS með standist lágmarkskröfur RIM um samverkunarhæfni, að meðtöldu, án takmarkana, vinnsluhraða, minnisþörf, val á tölvupóstþjóni og notandahugbúnaði og notkun Internet-aðgangs sem er ætlaður til að ná í Internet-tölvupóst.

Ef þú framselur hagsmuni þína í BIS, án þess að framsalshafi hafi fyrst fengið skriflegt leyfi RIM fyrir slíku framsali og án þess að slíkur framsalshafi samþykki allar skuldbindingar þínar samkvæmt þessum Samningi (eins og honum getur verið breytt af og til), samþykkir þú að bera áfram ábyrgð samkvæmt þessum Samningi.

7. Bönnuð Notkun

Þú samþykkir að þú munir ekki nota BIS á neinn hátt sem gæti skemmt, hindrað, sligað eða skert setrið og/eða neina RIM þjónustu (eða netkerfi(-n) sem tengd eru slíku setri eða þjónustu) eða trufla nokkurn annan aðila við að nota og njóta BIS og/eða annarrar RIM þjónustu. Þú munt ekki reyna að fá í heimildarleysi aðgang að BIS og/eða neinni RIM þjónustu, annarri áskrift, tölvukerfum eða netkerfum sem tengd eru við eða komist er á í gegnum BIS, með skurki, aðgangsorðanami eða neinum öðrum hætti. Þú munt ekki komast yfir eða reyna að komast yfir neitt efni eða upplýsingar með neinum hætti sem Þér er ekki vísvitandi veittar í gegnum BIS.

BIS hefur að geyma tölvupóstþjónustu og/eða annan skilaboða- eða samskiptabúnað sem ætlað er að gera þér kleift að eiga samskipti við aðra (saman "Samskiptabjónusta"). Þú samþykkir að nota Samskiptabjónustuna aðeins til að leggja fram, senda og taka við skilaboðum og efni sem er viðeigandi og, þegar það á við, tengt hinni tilteknu Samskiptabjónustu. Til dæmis, og ekki til takmörkunar, samþykkir þú að þegar þú notar Samskiptabjónustu munir þú ekki:

Nota Samskiptabjónustuna í tengslum við kannanir, keppnir, sölu með pýramídafyrirkomulagi, keðjubréf, rusltölvupóst, amapóst eða nein endurtekin eða óumbeðin skilaboð (í atvinnuskyni eða til annars).

Ærumeiða, misnota, hrella, ofsækja, hóta eða með öðrum hætti brjóta gegn löglegum rétti (eins og rétti til einkalífs og um birtingu) annarra. Birta, leggja fram, sækja, dreifa eða miðla neinu óviðeigandi, vanhælgandi, ærumeiðandi, brotlegu, klúru, ósæmilegu eða ólöglegu atriði, nafni, efni eða upplýsingum.

Sækja, leggja fram, senda með tölvupósti, senda eða með öðrum hætti gera aðgengilegt nokkurt efni sem þú hefur ekki rétt til að gera aðgengilegt samkvæmt lögum eða samkvæmt samningi eða trúnaðartengslum (eins og hugbúnaður sem verndaður er af hugverkarétti, innherjaupplýsingar, einkaréttar- og trúnaðarupplýsingar sem fást eða upplýstar eru sem hluti af ráðningartengslum eða samkvæmt leyndarsamningum).

Sækja, leggja fram, senda með tölvupósti eða með öðrum hætti gera aðgengilegt nokkurt efni sem inniheldur hugbúnaðarveirur eða nokkurn annan tölvukóða, skrár eða forrit sem gerð eru til að trufla, eyðileggja eða takmarka virkni nokkurs tölvuhugbúnaðar eða vélbúnaðar eða fjarskiptabúnaðar, að meðtöldu og án takmarkana, Trójuhesta, orma, tímasprengjur eða skemmdar skrár.

Leggja fram, breyta, senda, fjölfalda eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum, hugbúnaði eða öðru efni eða tólum sem gerð eru til að stofna í hættu öryggi Samskiptabjónustunnar, netkerfis RIM eða fjarskiptabjónustu.

Auglýsa eða bjóða til sölu eða kaupa neinar vörur eða þjónustu í þágu neinna viðskipta, nema reglur slíkrar Samskiptabjónustu leyfi sérstaklega slík boð.

Hala niður skrá sem annar notandi Samskiptabjónustu hefur lagt fram, og þú veist, eða telja má sanngjarn að þú ættir að vita, að getur ekki verið dreift löglega með slíkum hætti.

Falsa eða eyða neinum tölvupósthausum, höfundartileinkun, lagalegum eða öðrum tilhlýðilegum tilkynningum eða eignarréttartáknum eða merkingum um uppruna eða upptök tölvupósts, hugbúnaðar eða annars efnis til þess að fela uppruna slíks tölvupósts, hugbúnaðar eða efnis.

Takmarka eða hamlar annan notanda í að nota og njóta Samskiptaþjónustuna, eða búa til óvenjulega íþyngjandi álag á Samskiptaþjónustuna, eins og með því að koma af stað magni umferðar sem nægir til að hindra möguleika annarra til að senda eða sækja upplýsingar.

Brjóta nokkrar hegðunarreglur eða aðrar leiðbeiningar sem kunna að eiga við um einhverja tiltekna Samskiptaþjónustu.

Safna upplýsingum um aðra, þar með talin netföngum, án þess að hafa til þess áður skriflega heimild frá eigendum slíkra upplýsinga. Endurselja eitthvað af Samskiptaþjónustunni eða nota Samskiptaþjónustuna til einhvers annars en Þinna persónulegu þarfa. Án takmörkunar á ofangreindu, samþykkir Þú að Þú munir ekki nota Samskiptaþjónustuna til að veita þriðju aðilum Internetaðgang eða aðra eiginleika Samskiptaþjónustunnar.

Brjóta nein lög eða reglugerðir sem við eiga.

Þykjast vera persóna eða aðili, eða svíksamlega halda fram eða staðhæfa með öðrum röngum hætti einhverju um tengsl Þín við persónu eða aðila, eða búa til falsað auðkenni til að villa um fyrir öðrum.

Fremja eða reyna að fremja glæp eða stuðla að því að glæpur af hvaða tagi sem er sé framinn eða annað atferli sem er ólöglegt eða sem veldur tjóni.

Þú greiðir RIM og/eða félögum tengdum því, nema að því marki sem sérstaklega er bannað með lögum sem eiga við í Þínu lögsagnarumdæmi, allan sanngjarnan og fyrirsjáanlegan kostnað og skaðabætur sem á þau falla vegna þess að þú brýtur gegn einhverri af takmörkunum sem eru í ofangreindum lista eða öðrum skuldbindingum Þínum í þessari grein.

RIM áskilur sér réttinn til, en er ekki skyldugt til að yfirfara efni sem sett er fram eða sent í gegnum Samskiptaþjónustuna og má fjarlægja hvaða efni sem er þegar það ákveður svo.

RIM áskilur sér réttinn til að láta af hendi hvenær sem er hvaða upplýsingar sem er, þar með talin persónuleg gögn um Þig, eftir því sem RIM telur nauðsynlegt til að fullnægja einhverjum lögum sem við eiga, reglugerð, málarekstri eða beiðni lögreglu, leyniþjónustu, eftirlitsstofnanna eða stjórnvalds.

Gætið ávallt varúðar þegar látnar eru af hendi einhverjar upplýsingar sem auðkenna Þig eða börn Þín í nokkurri Samskiptaþjónustu. RIM ræður ekki yfir eða styður innihaldið, boðin eða upplýsingar sem finnast á neinni Samskiptaþjónustu og því hafnar RIM sérstaklega allri bótaábyrgð í sambandi við Samskiptaþjónustuna og hvers konar aðgerðir sem leiða af þátttöku Þinni í einhverri Samskiptaþjónustu.

Efni sem lagt er fram fyrir eða sent í gegnum Samskiptaþjónustuna getur verið háð takmörkunum um stærð, notkun, fjölföldun, dreifingu eða öðrum kröfum RIM eða þriðja aðila, að meðtöldum, án takmarkana, kröfum þjónustuveitenda sem veita þér Þjónustu Þriðju Aðila. Þú gengst við að slíkar takmarkanir kunni að eiga við um notkun Þína á BIS og/eða Þjónustu Þriðja Aðilans, og að Þú berð ábyrgð á að fara eftir slíkum takmörkunum ef Þú setur fram eða sendir slíkt efni.

8. Alþjóðleg Notkun

Þar sem hægt er að fá aðgang að BIS um allan heim, og ef þú kýst að fara inn á þetta setur frá öðrum stöðum en Bandaríkjunum, Kanada eða aðildarríki ESB, gerir Þú það að Þínu eigin frumkvæði og Þú berð ábyrgð á að farið sé eftir öllum takmörkunum um notkun á hverjum stað, lögum og reglugerðum, þar með talin þeim sem eiga við um sendingu tækni­gagna sem flutt eru frá eða til Kanada eða landsins sem Þú býrð í. Þrátt fyrir ofangreint fullyrðir RIM ekkert um að BIS sé við­eigandi eða f­áanlegt til notkunar á stöðum utan Bandaríkjanna, Kanada eða aðildarríkj­a ESB, eins og við á. Notkun BIS til að fá aðgang að gögnum eða innihaldi sem er ólöglegt að fá aðgang að samkvæmt lögum á landssvæðinu þaðan sem aðgangur er fenginn að BIS, er bönnuð samkvæmt þessum Samningi.

9. Notkun Tölvupóstþjónustu

Þú samþykkir að RIM megi setja takmörk, þar með talið með því að setja upp tilkynningu á BIS vefsetrinu, um notkun allrar þjónustu (þar með talin Samskiptaþjónustan og tölvupóstþjónusta) sem í boði er á þessu BIS setri, að meðtöldu, en ekki takmarkað við, hámarksfjölda daga sem BIS geymir tölvuskeyti, hámarksfjölda tölvuskeyta sem má senda frá eða taka við í einni áskrift á BIS, hámarksstærð tölvuskeytis sem senda má frá eða taka við á eina áskrift á BIS, hámark diskrymis sem verður úthlutað á netþjónum RIM fyrir Þig, sem og hámarksfjölda skipta og þann tíma sem Þú mátt fá aðgang á BIS á tilteknu tímabili. RIM áskilur sér réttinn til að breyta ofangreindum takmörkunum eftir að hafa veitt Þér hæfilegan frest. RIM mun gera það sem ætlast má til af því með sanngjörnum hætti til að tilkynna Þér slíkt innan 30 daga, þegar það er tæknilega unnt, en annars mun RIM tilkynna Þér slíkt eins fljótt og sanngjarnt má teljast.

Að því marki sem ekki er sérstaklega bannað með lögum sem við eiga í Þínu lögsagnarumdæmi, samþykkir þú að RIM beri ekki bótaábyrgð eða annars konar ábyrgð á eyðingu, skemmdum eða mistökum við að vista skeyti eða annað innihald sem haldið er eða sent með BIS. Þér er kunnugt um að RIM áskilur sér réttinn til að eyða, án fyrirvara til Þín, áskrift sem er óvirk í langan tíma. RIM mælir með að Þú takir (að minnsta kosti dagleg varaafrit) af öllum tölvupósti og öðru efni sem er mikilvægt fyrir Þig í tengslum við BIS, þar sem gögn geta auðveldlega glatast.

RIM mun beita hæfilegri vandvirkni og færni við að veita Samskiptaþjónustuna en getur ekki og tryggir ekki að Samskiptaþjónustan verði samfelld, ótrufluð, tímanleg, örugg og villulaus. Til dæmis þarf RIM reglulega að gera við hugbúnaðargalla, uppfæra og sinna almennri greiningu og viðhaldi á BIS, sem mun takmarka möguleika RIM á að veita Samskiptaþjónustuna. RIM þarf líka að geta sinnt neyðarviðhaldi og/eða stöðva aðgang að BIS og netþjónum þess.

Til viðbótar þeim skilmálum og skilyrðum sem tilgreind eru hér, samþykkir Þú að Þú: (a) munir ekki halda áfram að senda tölvupóst atvinnuskyni til viðtakanda ef viðtakandinn hefur beið um að Þú hættir slíkum samskiptum, (b) munir ekki senda áfram eða breiða út keðjubréf af nokkurri tegund (þar með taldar beiðnir vegna góðgerðamála eða beiðnir um undirskriftir), hvort sem viðtakandinn óskar eftir slíkum pósti eða ekki, (c) munir ekki viljandi kaffæra notanda, netþjón, áskriftarreikning eða setur með stórum eða mörgum tölvupóstum, og (d) munir ekki falsa upplýsingar í haus.

RIM bannar notkun áskrifta eða netkerfistenginga til að safna svörum við skilaboðum sem send eru frá einhverjum öðrum veitanda sem brýtur þessa skilmála og skilyrði um notkun eða skilmálum og skilyrðum frá upprunalega veitandanum.

Að því marki sem það er ekki bannað með lögum í Þínu lögsagnarumdæmi, munt Þú greið RIM og/eða félögum tengdum því, allan sanngjarnan og fyrirsjáanlegan kostnað sem á þau fellur vegna þess að þú brýtur gegn einhverri af skuldbindingum Þínum í þessari grein.

10. Takmörkun Ábyrgðar

LÖG SUMRA LANDA KUNNA AÐ BANNA UNÐANÞÁGU ÓBEINNA ÁBYRGÐA Í SAMNINGUM VIÐ NEYTENDUR EÐA NOTENDUR, OG ÞVÍ GÆTI TAKMÖRKUNIN SEM TILGREIND ER Í ÞESSUM KAFLA VERIÐ ÞÉR ÓVIÐKOMANDI, ÞAÐ ER AÐ SEGJA AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM SLÍK UNÐANÞÁGA ER SÉRSTAKLEGA BÖNNUÐ MEÐ LÖGUM SEM UM HANA GILDA.

BIS ER VEITT, NEMA AÐ ÞVÍ MARKI SEM SÉRSTAKLEGA ER BANNAÐ MEÐ VIÐKOMANDI LÖGUM Í ÞÍNU LÖGSAGNARUMDÆMI, "Í ÞVÍ ÁSTANDI SEM HÚN ER", "MEÐ ÖLLUM GÖLLUM" OG "EINS OG HÚN ER FÁANLEG" OG EINGÖNGU Á ÞÍNA ÁHÆTTU, ÁN NOKKURRAR ÁBYRGÐAR AF NEINU TAGI FRÁ RIM. RIM ÁBYRGIST EKKI SAMFELLD A NOTKUN EÐA REKSTUR BIS, NÉ AÐ NOKKUR GÖGN SEM ÞÚ SENDIR EÐA SEND ERU TIL ÞÍN VERÐI SEND MEÐ ÓSPILLTU SNIÐI EÐA INNAN SANNGJARNNS TÍMA. NEMA ANNAÐ SÉ SÉRSTAKLEGA TEKIÐ FRAM Í ÞESSU SKJALI, ERU ALLAR STAÐHÆFINGAR, ÁBYRGÐIR, SKILYRÐI, FRAMSAL OG SKILYRÐI AF HVAÐA TOGA SEM ER, TILGREIND EÐA ÓBEIN, AÐ MEÐTÖLDU, ÁN TAKMÖRKUNAR, ALLAR ÁBYRGÐIR Á EIGNARÉTTI EÐA UM BROTALEYSI OG ALLAR ÓBEINAR STAÐHÆFINGAR, ÁBYRGÐIR OG SKILYRÐI UM HÆFI FYRIR TILGANG, SELJANLEIKA, ENDINGU, VIRKNI EÐA ÓVIRKNI HUGBÚNAÐAR, VIRKNI ÞJÓNUSTU OG SÖLUFERLIS EÐA VIÐSKIPTANOTKUNAR, HÉR MEÐ UNÐANSKILIN. RIM SKAL EKKI BERA NEINA BÓTAÁBYRGÐ AF NEINU TAGI GAGNVART ÞÉR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÞJÓNUSTU SEM VEITT ER AF EINHVERJUM ÞRIÐJA AÐILA Í GEGNUM RIM EÐA Í TENGLUM VIÐ ÞJÓNUSTU RIM, AÐ MEÐTÖLDU, ÁN TAKMÖRKUNAR, ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILANS. Í SÉRHVERJU SLÍKU TILVIKI SKULU ÚRRÆÐI ÞÍN VARÐANDI ÞJÓNUSTU VERA EINGÖNGU GEGN SLÍKUM ÞRIÐJA AÐILA OG SAMKVÆMT SKILMÁLUM HANS OG SKILYRÐUM.

11. Takmörkun Ábyrgðar

LÖG SUMRA LANDA KUNNA AÐ BANNA UNÐANÞÁGU EÐA TAKMÖRKUN BÓTAÁBYRGÐA Í SAMNINGUM VIÐ NEYTENDUR EÐA NOTENDUR, OG ÞVÍ GÆTI TAKMÖRKUNIN SEM TILGREIND ER Í ÞESSUM KAFLA VERIÐ ÞÉR ÓVIÐKOMANDI, ÞAÐ ER AÐ SEGJA AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM SLÍK UNÐANÞÁGA EÐA TAKMÖRKUN ER SÉRSTAKLEGA BÖNNUÐ MEÐ LÖGUM SEM UM HANA GILDA.

ÞÉR ER SÉRSTAKLEGA KUNNUGT UM AÐ RIM SKULI, NEMA AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM ÞAÐ ER SÉRSTAKLEGA BANNAÐ MEÐ LÖGUM SEM UM ÞAÐ GILDA Í ÞÍNU LÖGSAGNARUMDÆMI, EKKI BERA ÁBYRGÐ Á ÓHEIMILUM AÐGANGI AÐ EÐA BREYTINGU Á SENDINGUM ÞÍNUM EÐA GÖGNUM, ÖLLU EFNI EÐA GÖGNUM SENDUM EÐA MÓTTEKNUM EÐA EKKI SENDUM EÐA MÓTTEKNUM, EÐA NOKKRUM FÆRSLUM SEM FRAM FARA Í GEGNUM BIS. ÞÚ SAMÞYKKIR SÉRSTAKLEGA, NEMA AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM ÞAÐ ER SÉRSTAKLEGA BANNAÐ MEÐ LÖGUM SEM UM ÞAÐ GILDA Í ÞÍNU LÖGSAGNARUMDÆMI, AÐ RIM BER EKKI BÓTAÁBYRGÐ EÐA ANNARS KONAR ÁBYRGÐ Á ÖGNANDI, ÆRUMEIÐANDI, KLÚRU, MÓÐGANDI EÐA ÓLÖGLEGU EFNI EÐA FRAMFERÐI ÞRIÐJA AÐILA EÐA BROTI Á RÉTTI ANNARS, ÞAR MEÐ TALINN HUGVERKARÉTTI HANS, RÉTTI TIL ÖEFNISLEGRAR EIGNAR OG HUGVERKARÉTTI Í IÐNAÐI. ÞÚ SAMÞYKKIR SÉRSTAKLEGA AÐ RIM BERI EKKI ÁBYRGÐ Á EFNI SEM SENT ER MEÐ SAMSKIPTAÞJÓNUSTUNNI OG/EÐA EINHVERJUM ÞRIÐJA AÐILA, AÐ MEÐTÖLDU, ÁN TAKMÖRKUNAR, VEIRUM. TAKMARKANIRNAR, UNÐANÞÁGURNAR OG FYRIRVARARNIR Í ÞESSUM SAMNINGI SKULU EIGA VIÐ: (A) HVORT SEM MÁLSSÓKN EÐA KRAFA KEMUR FRAM VEGNA BROTS Á ÁBYRGÐ EÐA SKILYRÐI, BROTS Á SAMNINGI, Á GRUNDEVILLI SKAÐABÓTARÉTTAR UTAN SAMNINGA (ÞAR MEÐ TALID VEGNA GÁLEYSIS), STRANGRAR ÁBYRGÐAR EÐA Á GRUNDEVILLI ANNARS KONAR ÁBYRGÐAR SEM GETUR STOFNAST TIL VEGNA ÞESSA SAMNINGS, OG AÐ TAKMARKANIRNAR, UNÐANÞÁGURNAR OG FYRIRVARARNIR SKULU EIGA VIÐ UM (B) RIM OG FYRIRTÆKI TENGÐUM ÞVÍ, BIRGJA ÞEIRRA (ÞAR MEÐ TALDIR ALLIR ÞEIR AÐILAR SEM VEITA ÞRÁÐLAUSA ÞJÓNUSTU) OG VIÐKOMANDI STJÓRNENDUR ÞEIRRA, YFIRMENN, STARFSMENN OG SJÁLFASTÆÐA VERKTAKA (SEM SAMEIGINLEGA NEFNAST "RIM AÐILARNIR" OG HVER UM SIG "RIM AÐILI").

PÚ STAÐFESTIR OG SAMÞYKKIR AÐ BIS SÉ VEITT ÞÉR ÁN BEINNAR GREIÐSLU TIL RIM OG AÐ SAMKVÆMT ÞVÍ, að svo miklu leyti sem heimilt er lögum samkvæmt í þínu lögsagnarumdæmi, skulu einu skaðabæturnar sem Þú getur fengið frá einhverjum RIM Aðila í tengslum við veitingu, notkun, virkni eða óvirkni BIS eða einhvers hluta hennar, óháð því með hvaða hætti málsókn er, hvort sem það er vegna samnings, á grundvelli skaðabótaábyrgðar utan samninga (þar með talin vegna gáleysis), strangrar bótaábyrgðar eða með öðrum hætti, vera skaðabætur fyrir beint tjón Þitt, ef á annað borð verður um einhverjar bætur að ræða, og samanlögð bótaábyrgð RIM Aðilanna skal aldrei nema hærri fjárhæð en upphæðinni sem Þú greiddir eða var greidd fyrir þína hönd til RIM fyrir BIS fyrir þann tíma sem slík bilun, töf eða óvirkni á sér stað.

BIS er veitt Þér sem einstaklingi til persónulegra einkanota. RIM mun ekki bera bótaábyrgð á viðskiptatapi, að meðtöldu, án takmörkunar, hagnaðartapi, tekjutapi, tapaðra viðskipta, tapi á væntanlegum sparnaði né nokkru tapi á eða skemmdum á gögnum vegna brots RIM á þessum Samningi, gáleysis þess eða af öðrum ástæðum, nema þá að því marki sem sérstaklega er bannað með lögum sem um það gilda í þínu lögsagnarumdæmi að undanþiggja sig slíkri ábyrgð.

PÚ STAÐFESTIR OG SAMÞYKKIR AÐ BIS ER VEITT ÞÉR ÁN BEINNAR GREIÐSLU TIL RIM OG AÐ SAMKVÆMT ÞVÍ, AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM HEIMILT ER MEÐ LÖGUM SEM UM ÞAÐ GILDA Í ÞÍNU LÖGSAGNARUMDÆMI, SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ RIM SKULI ALDREI BERA BÓTAÁBYRGÐ GAGNVART ÞÉR EÐA NEINUM AÐILA SEM GERIR KRÖFU Í GEGNUM ÞIG, OG PÚ AFSALAR HÉR MEÐ RÉTTI ÞÍNUM TIL AÐ GERA KRÖFU VEGNA (I) TAPAÐS HAGNAÐAR, (II) TAPAÐRA VIÐSKIPTA EÐA TEKNA, (III) MISSI AF NOTKUN BIS, EÐA NOKKURRAR TENGDRAR VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU, (IV) TAPAÐRA GAGNA, (V) FJÁRMAGNSKOSTNAÐAR, (VI) KOSTNAÐAR VEGNA STAÐGENGISVÖRU, AÐSTÖÐU, ÞJÓNUSTU EÐA ENDURKAUPAÞJÓNUSTU, (VII) KOSTNAÐAR VEGNA NIÐRITÍMA EÐA KRÖFU NOKKURS ÞRIÐJA AÐILA UM SLÍKAR BÆTUR, EÐA (VIII) TJÓNS SEM ER ÓBEINT, AFLEIDD, SÉRSTAKT EÐA TILFALLANDI, OG ÞURFI ALDREI AÐ GREIÐA BÆTUR SEM ERU ÁKVEÐNAR TIL VARNAÐAR EÐA TIL REFSINGAR, SEM VARÐAR ÞENNAN SAMNING BEINT EÐA ÓBEINT, OG ÓHÁÐ ÞVÍ MEÐ HVAÐA HÆTTI LÖGSÓKNIN ER, HVORT SEM HÚN GRUNDEVALLAST Á SAMNINGSBROTI, Á GRUNDEVELLI SKAÐABÓTARÉTTAR UTAN SAMNINGA (ÞAR MEÐ TALIN VEGNA GÁLEYSIS), STRANGRAR ÁBYRGÐAR EÐA MEÐ ÖÐRUM HÆTTI, OG HVORT SEM TJÓN VAR FYRIRSÉÐ EÐA EKKI. OFANGREIND ÁBYRGÐARTAKMÖRKUN SKAL GILDA VIÐ HVERS KONAR KRINGUMSTÆÐUR, AÐ MEÐTÖLDUM EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ, ÞEIM KRINGUMSTÆÐUM ÞEGAR ÞÚ GETUR EKKI NOTAÐ BIS EÐA NEINN HLUTA HENNAR, ANNAÐ HVORT AÐSKILJÓ EÐA MEÐ EINHVERJUM ÖÐRUM SAMSKIPTUM UM RIM EÐA Í GEGNUM RIM UM ANNAN ÞJÓNUSTUAÐILA OG VIÐ ÞÆR KRINGUMSTÆÐUR ÞEGAR UM ER AÐ RÆÐA ÓHEIMILAN AÐGANG AÐ GÖGNUM ÞÍNUM SEM SEND ERU UM SAMSKIPTATENGLA SEM SLÍK ÞJÓNUSTA ÞRIÐJA AÐILA LEGGUR TIL SEM HLUTA AF ÞJÓNUSTUNNI(-UM). BÓTAÁBYRGÐ RIM SKAL ALDREI VERÐA MEIRI EN USD 10.000.

EKKERT Í ÞESSUM SAMNINGI SKAL UNÐANÞIGGJA EÐA TAKMARKA ÁBYRGÐ RIM Á DAUÐA EÐA LÍKAMSTJÓNI SEM VERÐUR BEINLÍNIS VEGNA STÓRKOSTLEGS GÁLEYSIS, SVIKSAMLEGAR RANGFÆRSLU EÐA VÍSVITANDI BROTS RIM, STARFSMANNA ÞESS EÐA UMBOÐSMANNA.

ÞÉR ER KUNNUGT UM OG PÚ SAMÞYKKIR AÐ TAKMARKANIRNAR SEM SETTAR ERU FRAM Í ÞESSARI GREIN ERU MIKILVÆGUR ÞÁTTUR Í SAMNINGNUM Á MILLI AÐILANNA OG AÐ ÁN SLÍKRAR TAKMÖRKUNAR VÆRI VEITING BIS ÁN BEINNAR GREIÐSLU TIL RIM OG AÐRIR SKILMÁLAR SEM SETTIR ERU FRAM Í ÞESSUM SAMNINGI TALSVERT ÖÐRUVÍSI OG GÆTI EINNIG HAFT ÁHRIF Á GETU RIM TIL AÐ BJÓÐA BIS OG GETU ÞÍNA TIL AÐ NOTA BIS.

12. Skaðleysisábyrgð

Þú skalt verja og halda RIM skaðlausu af öllum kröfum, skaðabótum, tapi eða kostnaði (að meðtöldum, án takmarkana, lögfræðikostnaði og útgjöldum) sem fellur á RIM í tengslum við allar kröfur, lögsóknir, dómsúrskurði og orsakir lögsókna og varða: (i) brot á einkaleyfum eða öðrum eignarrétti sem verður vegna þess þess að Þú sameinar eða notar eitthvað tæki, kerfi eða þjónustu með BIS eða einhvern hluta af henni, (ii) bætur sem upp koma vegna brota Þinna á einhverju ákvæði þessa samnings, (iii) ærumeiðingar, róg, meiðyrði eða brot á höfundarétti eða öðrum eignarrétti í tengslum við efni sem Þú sendir með BIS, eða (iv) meiðsli, dauða eða eignaskemmdir sem verða vegna athafna Þinna sem tengjast tilvist, notkun eða notkunarleysi sérhvers hluta af BIS (annað en líkams- eða eignatjón (að gögnum undanskildum) sem verður beinlínis vegna notkunar BIS sem samræmist öllum ströngustum kröfum samkvæmt skilmálum þessa Samnings og leiðbeiningum RIM um notkun BIS). Ekkert úrræði sem RIM er veitt hér er ætlað að vera, né skal það túlkað þannig að það útiloki önnur úrræði sem RIM hefur samkvæmt lögum eða venjum eða á öðrum grundvelli. Komi til þess að þessum Samningi verði rift samkvæmt 14. gr., skalt þú borga RIM allan málskostnað, innheimtukostnað og tengdan kostnað, sem RIM hefur greitt eða fallið hefur á RIM við að framfylgja réttindum samkvæmt þessum Samningi (að meðtöldu, en ekki takmarkað við síma, flutning, hraðsendingar og burðargjöld, kostnað fyrir keypta rannsóknarmenn og sanngjarna greiðslu fyrir tíma fulltrúa RIM).

Að svo miklu leyti sem gildandi neytendalög í Þínu lögsagnarumdæmi verða til þess að ekki er unnt að beita skaðleysisábyrgð eins og tiltekið er hér að ofan, skal eftirfarandi gilda í staðinn: Þú greiðir RIM og/eða fyrirtækjum tengdum því, allan sanngjarnan og fyrirsjáanlegan kostnað og bótaábyrgð sem þau bera vegna: (i) brota á einkaleyfum eða öðrum eignarrétti sem kemur til vegna þess að Þú sameinar eða notar eitthvað tæki, kerfi eða þjónustu með BIS, eða vegna (ii) krafna sem varða ærumeiðingar, róg eða brot á höfundarétti eða öðrum eignarrétti í tengslum við efni sem Þú sendir með BIS.

Ofangreind skaðleysisábyrgð skal eiga við um RIM og tengd fyrirtæki þess, birgja þeirra (þar með talda alla aðila sem veita þráðlausa þjónustu) og stjórnendur þeirra, yfirmenn, starfsmenn og sjálfstæða verktaka.

13. Hugverkaréttur

Hvorki Þú né nokkur sem kemur fram fyrir þína hönd, þar með taldir starfsmenn Þínir, öðlast hugverkarétt eða annan eignarrétt, þar með talinn á óáþreifanlegri eign, hugverkarétt í iðnaði, einkaleyfi, hönnun, vörumerki, höfundarétt, rétt yfir viðskiptaleyndarmálum eða sæmdarrétt, sem tengist innihaldi þessa seturs, að meðtöldum, án takmarkana, hugbúnað og upplýsingar, nema sem er með öðrum hætti tilgreint sérstaklega í viðeigandi leyfi eða annars konar gagnkvæmt samþykktum skriflegum samningi sem Þú kannst að hafa gert við RIM. Allur réttur sem ekki er sérstaklega veittur hér er áskilinn RIM. Þér er aðeins veitt leyfi fyrir notkun BIS eins og tilgreint er með skýrum hætti í þessu skjali, og setrið sem veitir Þér aðgang að BIS er verndað með kanadískum, bandarískum og alþjóðlegum höfundaréttarlögum og lögum um einkaleyfi og ákvæðum alþjóðlegra sáttmála. Þú mátt ekki prenta, afrita, fjölfalda, dreifa, breyta eða á nokkurn annan hátt tvöfalda neinn hugbúnað eða annað efni sem Þér er veitt í tengslum við BIS, í heild eða að hluta. Í þessu ákvæði skal "afrita eða fjölfalda" ekki taka til afritunar sem eðlilega verður til við rekstur slíks hugbúnaðar eða við það að tekin eru varaafrit af tölvunni eða kerfum þar sem slíkur hugbúnaður er settur upp, í samræmi við venjulega viðskiptahætti. Þú hefur ekki rétt til að fá eða nota frumkóða fyrir hugbúnað sem þér er veittur í tengslum við BIS, og nema að því leyti sem RIM er sérstaklega undanskilið samkvæmt lögum frá því að banna það athæfi, mátt þú ekki hermismiða eða taka í sundur vöru eða aukabúnað sem Þér er veittur í tengslum við BIS, eða þýða, hermismiða, bakþýða eða taka í sundur, eða með öðrum hætti að reyna að komast að frumkóða hugbúnaðar sem Þér er veittur í tengslum við BIS. Þú samþykkir að ekkert í þessum Samningi skuli hafa áhrif á rétt eða beitingu úrræða sem RIM kann að hafa samkvæmt lögum sem um það gilda í þínu lögsagnarumdæmi, í tengslum við verndun hugverkaréttar RIM eða annars eignarréttar, þar með talinn hugverkarétt í iðnaði, rétt á óáþreifanlegri eign, einkaleyfi, hönnun, vörumerki, höfundarétt, rétt yfir viðskiptaleyndarmálum eða sæmdarrétt.

14. Brot á þessum Samningi og Riftun

Ef BIS er notað með hætti sem RIM telur að brjóti gegn þessum Samningi, má RIM eða umboðsaðili þess grípa til hverra þeirra aðgerða sem þeir telja viðeigandi. Til slíkra aðgerða telst, meðal annars, að efni er fjarlæggt tímabundið eða endanlega, Internet sendingar eru síaðar og að fram fari tafarlaus stöðvun eða lokun á alla eða einhvern hluta af Samskiptaþjónustunni (þar með talin tölvupóstþjónusta). RIM skal ekki bera bótaábyrgð vegna þess konar aðgerða. Ofangreindar aðgerðir eru ekki einu úrræði RIM og RIM getur gripið til hvaða lagalegra eða tæknilegra úrræða sem það telur viðeigandi.

RIM áskilur sér rétt til að rannsaka ætluð brot á þessum Samningi. Þú heimilar hér með RIM að eiga samstarf við (1) löggæsluvörð við rannsókn á grunsemdum um refsivert brot, (2) þriðju aðila við rannsókn á athöfnum sem brjóta gegn þessum Samningi og (3) kerfisstjóra hjá Internetþjónustuveitendum, netkerfum og tölvuvinnslum til þess að framfylgja þessum Samningi. Til slíks samstarfs getur talist að RIM veiti notandanafn, IP vistfang eða aðrar upplýsingar sem auðkenna Þig. Þegar einhverri áskrift sem Þú hefur hjá RIM er slitið heimilar þú RIM að eyða öllum skrá, forritum, gögnum og tölvupóstum sem tengjast slíkri áskrift.

Ef Þú vanefnir eitthvert ákvæði þessa Samnings, BlackBerry Notanda-/Hugbúnaðarleyfissamnings, eða samnings Þíns við aðilann sem veitir Þér þráðlausa þjónustu, má RIM, auk þess að hafa öll önnur réttindi og úrræði sem þessi Samningur veitir eða sem það hefur samkvæmt lögum, binda enda á þennan Samning með því að tilkynna þér um það skriflega. Til "Vanefnda" skulu teljast, án takmörkunar, ef ekki er farið eftir eða framfylgt einhverju ákvæði eða skilyrði í þessum Samningi, þar með talið, án takmörkunar skuldbindingarnar í 7. gr. Ef komið er í veg fyrir að RIM veiti einhvern hluta eða alla BIS með lögum, reglugerð, kröfum eða úrskurði af hvaða tagi sem er frá dómstóli eða stjórnvaldi, eða ef tilkynning berst frá opinberri stofnun eða deild að annað hvort RIM eða einhver sem veitir þjónustu Þriðja Aðila megi ekki veita einhvern hluta eða alla þjónustuna, má RIM samstundis hætta að veita BIS án nokkurrar bótaábyrgðar gagnvart Þér. Ekkert í þessu skjali skal túlkað þannig að RIM þurfi að fá undanþágu frá einhverjum lögum, reglum, reglugerð, eða takmörkun, eða leita eftir úrskurði dómssvalda eða að áfrýja dómsúrskurði. Þar að auki skilur Þú, staðfestir og samþykkir að RIM má rifta þessum Samningi án fyrirvara ef Þú stendur ekki við einhverja skuldbindingu samkvæmt þessum Samningi og/eða ef (1) Þú eða einhver notandi BIS sem Þér er veitt (eða einhvers hluta af henni) truflar þjónustu RIM við viðskiptavini eða reksturinn, (2) Þú notar BIS með hætti sem hefur skaðleg áhrif á (eða þar sem notkun Þín er skaðleg) RIM, viðskiptavini þess eða vöru(-ur) og þjónustu og/eða leiðir til hnignunar BIS og, meðal annars, aðgang að henni fyrir aðra viðskiptavini RIM, (3) Þú notar einhvern hluta BIS, á einhvern hátt í ósamræmi við leiðbeiningarnar sem eru í viðkomandi notendagögnum eða fremur eða reynir að fremja glæp eða stuðlar að því að glæpur af hvaða tagi sem er sé framinn eða annað atferli sem er ólöglegt eða sem veldur tjóni, (4) Þú brýtur efnislega í bága við einhvern annan samning sem Þú kannst að hafa gert við RIM, þar með talið, án takmörkunar, skilmálana í umbúðanytjaleyfissamningi ("shrink-wrap" og/eða "click-wrap") sem Þú hefur samþykkt varðandi vörur RIM eða hugbúnað eða með öðrum hætti, (5) Þú brýtur einhverjar hegðunarreglur eða aðrar leiðbeiningar sem Þú þarft að fara eftir í tengslum við notkun Þína á BIS, eða (6) Þú selur eða framselur, eða reynir að selja eða framselja BIS eða einhvern hluta af henni án þess að fá áður til þess skriflegt leyfi RIM, eða notar eða leyfir notkun BIS til annarra en Þína persónulegu þarfa, eða (7) Þú greiðir ekki aðilanum sem veitir Þér þráðlausa þjónustu í tengslum við BIS eða fyrir einhverja aðra þjónustu sem Þér er veitt frá RIM.

Þú samþykkir að ekkert í þessum Samningi skuli hafa áhrif á rétt eða beitingu úrræða, að meðtöldum, en ekki takmarkað við, bráðabirgðaúrræði, eða önnur úrræði sem RIM kann að hafa samkvæmt lögum í þínu lögsagnarumdæmi (saman "Bráðabirgðaúrræði"), í tengslum við verndun trúnaðar, hugverkaréttar, eða annan eignarrétt RIM. Fari svo að Þú rjúfir trúnað, brjótir á hugverkarétti eða öðrum eignarrétti RIM og dómstóll (eða sýslumaður) í þínu lögsagnarumdæmi heimilar ekki beitingu Bráðabirgðaúrræðis, staðfestir þú að RIM skuli eiga rétt á að fá bætur frá Þér að upphæð USD 5000 á dag á því tímabili sem þú ert brotlegur. Þú samþykkir að slík upphæð sé sanngjörn og viðeigandi áætlun á tjóni sem tengist rofi á trúnaði, broti á hugverkarétti eða öðrum eignarrétti RIM.

15. Tilkynning

Nema annað sé tekið fram í þessum Samningi, skulu allar tilkynningar eða önnur samskipti samkvæmt honum teljast rétt gerð þegar þau eru skrifleg og afhent persónulega, með hraðboða eða sett í póst með burðargjaldi greiddu fyrirfram, í ábyrgð, með beiðni um undirritun móttakanda og stílað á Þig á heimilisfanginu sem Þú veittir RIM til að innheimta á og stílað á Research In Motion Limited, 295 Phillip Street, Waterloo, Ontaríó, Kanada N2L 3W8. Til viðbótar framangreindu má RIM, ef það kys, senda Þér hvers konar tilkynningu samkvæmt þessum Samningi með tölvupósti. Þú mátt líka hafa samband við RIM á netfangið legalinfo@rim.com.

16. Áframhaldandi Gildi

Skilmálarnir, skilyrðin og ábyrgðirnar í þessum Samningi sem ætlað er með merkingu sinni og samhengi að gilda lengur en efndum Aðila, að meðtöldum, án takmörkunar, ákvæðin í greinum 10, 11, 12, 13, 16, 18 og 19 í þessum Samningi, skulu gilda áfram milli Aðila eftir lok efnda, riftun eða slit þessa Samnings.

17. Force Majeure

Prátt fyrir öll önnur ákvæði þessa Samnings skal hvorugur Aðili teljast vanefna Samninginn takist honum ekki að uppfylla skyldur sínar af orsökum sem telja má með sanngjörnum hætti að hann ráði ekki við. Þetta ákvæði skal ekki skýra þannig að það afsaki að einhver skylda sé ekki uppfyllt af hvorum aðilanum sem er um að greiða hinum Aðilanum samkvæmt þessum Samningi.

18. Lög og Lausn Ágreiningsmála

Þessi Samningur skal lúta og túlkast með eftirfarandi hætti: (1) Ef Þú ert íbúi í Evrópusambandinu, skal þessi Samningur lúta og túlkast í samræmi við lög í Englandi og Wales, að undanskildum lagabálkum um lagaskil. (2) Ef Þú ert íbúi í einhverju öðru lögsagnarumdæmi í heiminu, skal þessi Samningur lúta og túlkast í samræmi við lög í Ontaríó í Kanada, að undanskildum lagabálkum um lagaskil, eða (3) að svo miklu leyti sem dómstólar munu ekki framfylgja tölulið (2) hér að framan, skal þessi Samningur lúta og túlkast samkvæmt lögum sem um það gilda í Þínu lögsagnarumdæmi. Aðilar samþykkja að samningur Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg lausafjárkaup og Samræmd Lög um Tölvuupplýsingafærslur í heild sinni undanskilin frá því að eiga við þennan Samning. Ef Þú (1) ert heimilisfastur á Caymaneyjum eða Þú notar BIS frá Caymaneyjum, eða (2) býrð í lögsagnarumdæmi sem ekki er með lögbundinn höfundarétt í gildi, eða (3) býrð í lögsagnarumdæmi þar sem lögin um höfundarétt sem eru í gildi eiga ekki við um hugbúnað, þá, til viðbótar öðrum skuldbindingum sem Þú kannst að hafa samkvæmt lögum sem um það gilda í þínu lögsagnarumdæmi, samþykkir þú sérstaklega að *Höfundaréttarlög Kanada* skuli teljast eiga við um Þig og notkun Þína á BIS. Öll ágreiningsmál og deilur sem upp koma vegna eða í tengslum við þennan Samning, eða brot, slit eða ógildingu hans, skal leysa endanlega með gerðardómi. Ákvörðun gerðardómara skal vera endanleg og bindandi fyrir Aðilana (nema um sé að ræða augljósa yfirsjón). Ákvörðun gerðardómara skal vera skrifleg og rökstudd. Ákvæði síðustu setningarinnar hér á undan eru andstæð lögum í Þínu lögsagnarumdæmi skal gerðardómurinn: (1) haldinn í Þínu lögsagnarumdæmi, (2) um hann skulu gilda ráðandi lög eins og tilgreint er í þessum Kafli, fara fram á ensku, (4) útkljá málið samkvæmt Gerðardómsreglum Alþjóðaverslunarráðsins (Reglurnar), og (v) flytja skal málið fyrir einum gerðardómara skipuðum í samræmi við þær Reglur og skulu aðilar samþykkja skipunina innan 30 daga frá því hún fór fram, ef aðilar samþykkja ekki tilnefndan gerðardómara skal hann tilefndur af þeim Forseta Breska tölvufélagsins sem er í embætti á þeim tíma þegar óskað er eftir gerðardómsmeðferð (eða Forseta stofnunar sem tekið hefur við hlutverki Breska tölvufélagsins), samkvæmt beiðni annars hvors aðilans. Ef ákvæði síðustu setningarinnar hér á undan eru andstæð lögum í Þínu lögsagnarumdæmi skal gerðardómurinn: (1) haldinn í Þínu lögsagnarumdæmi, (2) um hann skulu gilda ráðandi lög eins og tilgreint er í þessum Kafli, fara fram á ensku, (4) útkljá deiluna samkvæmt Reglunum eða gerðardómsreglum sem almennt eru notaðar í Þínu lögsagnarumdæmi, og (5) flytja skal málið fyrir einum gerðardómara skipuðum í samræmi við gildandi reglur og skulu Aðilar samþykkja skipunina innan 30 daga frá því hún fór fram, takist það ekki skal hlutlaus þriðji aðili skipa gerðardómarrann. Engan ágreining á milli Aðilanna, eða sem tekur til nokkurrar persónu annarrar en Þín, má tengja eða sameina, án fyrirfram skriflegs samþykkis RIM. SAMKVÆMT REGLUGERÐ RÁÐHERRARÁÐSINS (EBE) NR. 44/2001 FRÁ 22. DESEMBER, 2000 UM LÖGSAGNARUMDÆMI OG VIÐURKENNINGU OG FRAMFYLGNI ÚRSKURÐA Í EINKA- OG VIÐSKIPTAMÁLUM, ERU ÁHRIFIN Á ÖUNDANÞÆG RÉTTINDI ÞÍN (ÞAR MEÐ TALINN RÉTTUR SEM VARÐAR LEYND A GALLA) SEM NEYTANDA ENGIN. Þrátt fyrir framangreint, hefur RIM rétt til að hefja málsókn samkvæmt lögum eða óskráðum réttarhefðum fyrir hvaða dómstóli (eða sýslumanni) sem er sem hefur lögsögu í viðkomandi máli vegna krafna eða ágreinings varðandi: (i) upphæðir sem Þú skuldar í tengslum við kaup Þín á BIS, og (ii) brot Pitt eða hótun um brot á greinum 4, 6, 7, 8, 9, 13 og 14 í Samningnum. Aðilarnir eru einkum sammála um að ef til ágreinings kemur samkvæmt þessum Samningi og slíkan ágreining eigi að leysa fyrir dómstólum, skal slíkur ágreiningur ekki leystur í réttarhaldi með kviðdómi.

19. Almenn Ákvæði

Nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessum Samningi eru ákvæðin í þessu skjali til hagsbóta fyrir Aðilana og ekki fyrir neina aðra persónu eða aðila. Ekkert samstarfsverkefni, félag, ráðningarsamband eða umboðsmannasamband verður til á milli Þín og RIM vegna þessa Samnings. Réttindaafsal hvors Aðila vegna vanefnda hins Aðilans skal ekki teljast áframhaldandi réttindaafsal vegna slíkra vanefnda né réttindaafsal vegna neinna annarra vanefnda. Efndir RIM á þessum Samningi er með fyrirvara um gildandi lög og málarekstur og ekkert í þessum Samningi veitir undanþágu frá rétti RIM til að fara eftir beiðnum eða kröfum stjórnvalds, dómstóls og löggæslufirvalda sem tengjast notkun þinni á BIS. RIM má framselja þennan Samning án þess að tilkynna Þér um það. Þú mátt ekki BIS EUA Global (Icelandic) 012207 (Global Version 082505)

framselja þennan Samning án þess að hafa áður fengið til þess skriflegt samþykki RIM (slíkt samþykki má neita að veita eða skilyrða eftir því sem RIM kýs). RIM er heimilt að sinna beint öllum skyldum sem sinna á samkvæmt þessum samningi eða má láta verktaka sína eða undirverktaka sinna sumum skyldum eða öllum. Ef ákveðið er að einhver hluti þessa Samnings sé ógildur eða óframfylgjanlegur samkvæmt viðeigandi lögum, að meðtöldum en ekki takmarkað við ofangreindar ábyrgðarundanþágur og takmarkanir á bótaábyrgð, þá skal það lákvæði gilda sem unnt er að framfylgja og sem líkast er upphaflegum tilgangi ógilda og óframfylgjanlega ákvæðisins og önnur ákvæði Samningsins skal gilda áfram óbreytt. Ef ekki er annað tekið fram í þessum Samningi, er þessi Samningur allur samningurinn á milli Þín og RIM hvað varðar BIS og hann tekur við öllum fyrri eða samtímis samskiptum og tilboðum, hvort sem þau eru rafræn, munnleg eða skrifleg á milli Þín og RIM varðandi BIS. Prentaða útgáfu af þessum Samningi og sérhverja tilkynningu sem veitt er á rafrænu formi má leggja fram í lagalegum eða stjórnsýslulegum málarekstri sem byggir á eða varðar þennan Samning til jafns við og háð sömu skilyrðum og önnur viðskiptaskjöl og skrár sem upphaflega voru búin til og geymd á prentuðu formi.

BIS EUA Global (Icelandic) 012207 (Global Version 082505)

BIS EUA Global (Icelandic) 012207 (Global Version 082505)